

Afkomutilkynning 2004

Landsbanki Íslands hf.

28. janúar 2005



Lykiltölur Landsbanka Íslands hf.

Fjárhæðir í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2004	2003	2002	2001	2000
Rekstur					
Vaxtatekjur.....	34.489	21.871	21.813	27.909	20.356
Vaxtagjöld.....	19.587	12.540	14.082	19.136	14.330
Hreinar vaxtatekjur.....	14.902	9.331	7.732	8.772	6.026
Tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum í félögum.....	22	144	523	873	743
Þóknunartekjur.....	9.995	6.271	4.745	4.197	2.901
Þóknunargjöld.....	(1.344)	(843)	(669)	(575)	-
Gengismunur.....	9.830	3.361	208	(1.704)	(113)
Aðrar rekstrartekjur.....	194	718	1.378	687	403
Rekstrartekjur.....	18.697	9.651	6.185	3.479	3.935
Hreinar rekstrartekjur.....	33.599	18.982	13.916	12.251	9.961
Laun og launatengd gjöld.....	7.700	5.656	4.387	4.184	3.620
Annar rekstrarkostnaður.....	4.713	3.562	3.208	2.995	2.770
Afskriftir.....	1.715	1.307	752	754	584
Önnur rekstrargjöld.....	246	289	157	174	144
Rekstrargjöld.....	14.374	10.815	8.505	8.108	7.118
Framlag í afskriftareikning útlána.....	4.485	4.656	2.863	2.298	1.340
Hagnaður fyrir skatta og hlutdeild minnihluta.....	14.740	3.512	2.549	1.846	1.504
Skattar.....	1.882	457	475	(9)	518
Hlutdeild minnihluta.....	149	99	45	107	31
Hagnaður.....	12.709	2.956	2.028	1.749	955

Efnahagur

Sjóður, ríkisvixlar og kröfur á lánastofnanir.....	91.672	48.772	18.893	22.023	22.447
Útlán.....	549.801	326.400	214.787	199.083	169.374
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum.....	75.254	63.744	36.337	39.939	38.076
Aðrar eignir.....	13.651	9.323	7.808	7.881	9.398
Eignir samtals.....	730.379	448.239	277.824	268.926	239.294

Lánastofnanir.....	63.476	43.840	30.665	29.410	36.981
Innlán.....	217.970	152.320	108.306	99.747	82.665
Lántaka.....	372.424	209.357	108.479	111.639	97.152
Aðrar skuldir.....	14.950	6.389	5.057	3.131	2.706
Víkjandi lán.....	22.552	13.090	8.216	8.527	5.436
Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga.....	991	862	792	967	716
Eigið fé.....	38.016	22.382	16.309	15.505	13.639
Skuldir og eigið fé samtals.....	730.379	448.239	277.824	268.926	239.294

Kennitölur

Arðsemi eigin fjár fyrir skatta.....	58,1%	20,9%	17,0%	13,9%	12,7%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta.....	50,1%	17,6%	13,5%	13,1%	8,1%
Eiginfjárpáttur A.....	7,8%	6,9%	7,7%	7,5%	7,2%
Eiginfjárlutfall.....	10,4%	9,9%	10,6%	10,4%	8,7%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af hreinum rekstrartekjum.....	42,8%	57,0%	61,1%	66,2%	71,5%
Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu heildarfjármagns....	2,5%	3,0%	3,1%	3,2%	3,3%
Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns.....	2,62%	2,62%	2,83%	3,45%	2,86%
Framlag í afskriftareikning af stöðu útlána í árslok.....	0,83%	1,47%	1,33%	1,17%	0,83%
Heildareignir pr. stöðugildi í árslok.....	652	415	282	270	240
Gengi hlutabréfa í árslok.....	12,10	5,80	3,65	3,39	3,45
Hækkun hlutabréfaverðs að teknu t.t. arðgreiðslna.....	110,3%	61,6%	10,6%	0,1%	-22,1%
Stöðugildi í árslok.....	1.121	1.025	986	997	996

Helstu niðurstöður úr rekstrar- og efnahagsreikningi

Hagnaður 12,7 milljarðar króna eftir skatta

Rekstur Landsbanka Íslands hf. á árinu 2004 gekk mjög vel og nam hagnaður bankans 14,7 milljörðum króna fyrir skatta, en að teknu tilliti til skatta og hlutdeildar minnihluta nam hagnaðurinn 12,7 milljörðum króna. Hagnaður bankans fyrir skatta á árinu 2003 nam 3,5 milljörðum króna og 3 milljörðum króna eftir skatta og hefur hagnaður bankans ríflega fjórfaldast á milli ára.

Hagnaður bankans á fjórða ársfjórðungi 2004 nam 282 milljónum fyrir skatta og hlutdeild minnihluta samanborið við 545 milljónir króna fyrir sama tímabil á fyrra ári.

Arðsemi eigin fjár eftir skatta á árinu 2004 var mjög góð eða 50% samanborið við 18% á árinu 2003.


Hreinar rekstrartekjur aukast um 14,6 milljarða króna

Hreinar rekstrartekjur samstæðunnar námu 33,6 milljörðum króna á árinu 2004 samanborið við 19 milljarða króna á árinu 2003 og hafa þær aukist um 14,6 milljarða króna eða 77%.

Hreinar vaxtatekjur námu 14,9 milljörðum króna samanborið við 9,3 milljarða króna á árinu 2003 og hafa þær aukist um 60% eða 5,6 milljarða króna milli ára. Auknar vaxtatekjur skýrast einkum af mikilli stækkun heildareigna bankans. Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildarfjármagns var 2,62% á árinu 2004 og er það sama hlutfall og á árinu 2003.

Hreinar vaxtatekjur á fjórða ársfjórðungi 2004 námu 4,7 milljörðum króna samanborið við 3,8 milljarða króna á þriðja ársfjórðungi. Aukning vaxtatekna má rekja til stækkunar heildareigna og aukningu í lántökugjöldum á íbúðalánamarkaði.

Vaxtamunur af meðalstöðu heildarfjármagns



Þóknunartekjur aukast um 44%

Þóknunartekjur bankans námu 10 milljörðum króna á árinu 2004 samanborið við 7 milljarða króna á árinu 2003 og hafa þær aukist um 44% eða 3 milljarða króna. Auknar þóknunartekjur má rekja til aukinna umsvifa bankans á sviði verðbréfavíðskipta, eignastýringar og erlendra starfsemi móðurfélagsins og dótturfélaga.

Gengishagnaður bankans nam 9,8 milljörðum króna á árinu 2004 samanborið við 2,7 milljarða króna á árinu 2003. Gengistap á fjórða ársfjórðungi 2004 nam 2,1 milljarði króna.

Gengishagnaður af markaðsskuldabréfum og gjaldeyrisvíðskiptum nam 1,7 milljarði króna samanborið við 0,2 milljarða króna á árinu 2003.


Gengishagnaður hlutabréfa nam 8,2 milljörðum króna á árinu 2004 samanborið við 2,5 milljarða króna á fyrra ári.

Aðrar rekstrartekjur námu 194 milljónum króna á árinu 2004 samanborið við 718 milljónir króna á fyrra ári. Lækkunin milli ára skýrist af söluhagnaði á eignarhlutum í tryggingarfélögum á árinu 2003.

Kostnaðarhlutfall 43%


Rekstrargjöld bankans námu 14,4 milljörðum króna á árinu 2004. Kostnaðarhlutfall bankans (rekstrargjöld sem hlutfall af hreinum rekstrartekjum) reiknast 43% á árinu 2004. Landsbankinn hefur það að markmiði að kostnaðarhlutfall sé á hverjum tíma undir 55%.

Aukin stærðarhagkvæmni og tekjumyndun hjá Landsbankanum ásamt hagstæðum markaðsaðstæðum gera það að verkum að kostnaðarhlutfall bankans er svo lágt sem raun ber vitni.



Framlag í afskriftareikning útlána nam 4,5 milljörðum króna á árinu 2004 samanborið við 4,7 milljarða króna á árinu 2003. Framlag í afskriftareikning sem hlutfall af stöðu útlána í lok árs 2004 var 0,83% samanborið 1,47% í lok árs 2003. Landsbankinn hefur sett sér markmið um að hlutfallið sé að jafnaði undir 1% á hverjum tíma.

Afskriftareikningur útlána nam 8,6 milljörðum króna eða 1,5% af heildarútlánnum og veittum ábyrgðum í lok árs 2004. Afskriftareikningur útlána endurspeglar ekki töpuð útlán, heldur er um að ræða fjárhæðir sem lagðar hafa verið til hliðar gegn hugsanlegum útlánatöpum. Þegar og ef útlán tapast eru þau færð út af afskriftareikningi útlána. Á árinu 2004 færði bankinn 3,6 milljarða króna úr afskriftareikningi útlána sem endanlega töpuð útlán.




Vanskil samstæðunnar hafa aldrei verið lægri hvort heldur í krónum talið eða sem hlutfall af heildarútlánnum. 90 daga vanskil sem hlutfall af heildarútlánnum í lok árs 2004 námu 0,7%

samanborið við 1,8% í lok árs 2003 og 3,2% í lok árs 2002.

Heildareignir Landsbankans 730 milljarðar króna

Heildareignir samstæðunnar námu 730 milljörðum króna í lok árs 2004 og hafa þær aukist um 63% eða 282 milljarða króna á árinu. Til samanburðar námu heildareignir samstæðunnar 278 milljörðum króna í ársbyrjun 2003.



Stöðugildi í samstæðu Landsbankans voru 1.121 í lok árs 2004 og námu heildareignir pr. stöðugildi 652 milljónum króna samanborið við 437 milljónir króna í byrjun ársins og hafa þær aukist um 50%.


Útlán aukast um 223 milljarða króna eða 68%

Útlán samstæðunnar námu 550 milljörðum króna í lok árs 2004 samanborið við 326 milljarða króna í upphafi ársins og hafa þau aukist um 223 milljarða króna eða 68% á árinu. Um þriðjungur aukningarinnar er vegna erlendra starfsemi bankans og lána móðurfélagsins til erlendra aðila eða 77 milljarðar króna og námu lánin 27% af heildarútlánnum samstæðunnar í lok árs 2004 samanborið við 22% í ársbyrjun og hafa þau rúmlega tvöfaldast á árinu.

Markaðsskuldabréf bankans námu 18 milljörðum króna í lok árs 2004 samanborið við 39 milljarða króna í byrjun ársins. Bankinn hefur gert framvirka samninga á móti skuldabréfaeign sinni og nam fjárhæð þeirra 1,8 milljörðum króna í lok árs 2004 og nemur hrein staða bankans í markaðsskuldabréfum tæpum

17 milljörðum króna samanborið við 23 milljarða króna í upphafi ársins.

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum námu 53 milljörðum króna í lok árs 2004. Bankinn hefur gert framvirka samninga á móti hlutabréfaeign sinni og nam fjárhæð samninganna 24 milljörðum króna í lok árs 2004. Hrein staða bankans í hlutabréfum nam 29 milljörðum króna í lok árs 2004 samanborið við 18 milljarða króna í lok árs 2003 og hefur hún aukist um 11 milljarða króna á árinu og skýrist það að stærstum hluta af gengishækkunum. Hrein staða hlutabréfa sem hlutfall af heildareignum í lok árs 2004 var 4,3% samanborið við 4,1% í lok árs 2003.



Mikill vöxtur í innlánnum og eignastýringu

Innlán bankans námu 218 milljörðum króna í lok árs 2004 og hafa þau aukist um 66 milljarða króna eða 43% frá ársbyrjun 2004.

Heildareignir í stýringu hjá samstæðunni námu 191 milljarði króna, sem er 47% aukning á árinu. Heildareignir í vörslu voru um 730 milljarðar króna og hafa þær vaxið um 85% á árinu 2004.

Erlend fjármögnun

Í lok árs 2004 nam lántaka bankans 372 milljörðum króna samanborið við 209 milljarða króna í lok árs 2003. Þrjár af fjórum stærstu skuldabréfaútgáfum Landsbankans voru seldar á árinu. Vegna aukinna umsvifa Landsbankans í fyrirtækjaútlánnum í erlendum myntum var EMTN fjármögnunarramma bankans stækkaður á árinu úr 1,5 milljörðum USD í 3,5 milljarða Evra. Lögð var áhersla á að stækka núverandi


markflokka EMTN-skuldabréfa og voru flestar lántökur á tímabilinu með tímalengdirnar 2-10 ár. Af einstökum lántökum síðasta árs ber hæst að nefna víkjandi lán samkvæmt eiginfjárbætti A að fjárhæð 100 milljónir Evra, sem selt var til fjársterkra einstaklinga í Evrópu. Í desember tók Landsbankinn stærsta einstaka lán sem hann hefur tekið til þessa. Lánið var til fimm ára að fjárhæð EUR 500 milljónir, en umsjón með útgáfunni hafði HSBC fjárfestingarbankinn.

Aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum hafa verið einkar hagfelldar og hefur fjármögnun bankans gengið mjög vel. Áhugi erlendra fjárfesta á íslenskum skuldabréfum hefur aukist umtalsvert á síðustu mánuðum, ekki hvað síst í kjölfar aukinnar starfsemi Landsbankans erlendis.

Eigið fé hefur aukist um 15,6 milljarða króna


Eigið fé samstæðunnar nam 38 milljörðum króna í lok árs 2004 og hefur það aukist um 15,6 milljarða króna frá ársbyrjun. Bankinn gaf út nýtt hlutafé að nafnvirði 600 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2004. Að öðru leyti skýrast breytingar á eigin fé af hagnaði og arðgreiðslum.

Víkjandi lán bankans námu 22,5 milljörðum króna í lok árs 2004 samanborið við 13,1 milljarð króna í ársbyrjun. Eiginfjárlutfall samstæðunnar samkvæmt CAD reglum var 10,4% í lok árs 2004, þar af 7,8% samkvæmt eiginfjárbætti A. Þann 26. janúar 2005 gaf Fjármálaeftirlitið út nýjar reglur um viðbótareiginfjárlið fyrir fjármálafyrirtæki. Að teknu tilliti til þeirra hefði eiginfjárbáttur A numið 8,6% í árslok 2004. Landsbankinn hefur það sem markmið að CAD-hlutfall bankans sé á hverjum tíma á bilinu 9-11% og að eiginfjárbáttur A sé 7-8%.



Góð arðsemi og vöxtur af erlendra starfsemi

Vægi erlendar starfsemi móðurfélagsins og dótturfélaga í heildareignum samstæðunnar hafa aukist stöðugt og nemur nú rúmlega fjórðungi af heildarútlánum samstæðunnar.



Rekstur **Landsbanka Luxembourg S.A.** gekk vel á árinu 2004 og nam hagnaður bankans fyrir skatta 576 milljónum króna samanborið við 252 milljónir króna á árinu 2003. Þess ber að geta að Landsbankinn eignaðist félagið 30. júní 2003 og færir hlutdeild í afkomu frá þeim tíma. Mikill vöxtur hefur einkennt rekstur bankans á árinu 2004 og jukust heildareignir um tæp 70% og námu þær 100 milljörðum króna í lok árs 2004.

Hagnaður fyrir skatta hjá **Heritable Bank Ltd.** í London nam 392 milljónum króna samanborið við 309 milljónir króna á árinu 2003. Heildareignir félagsins jukust um tæp 170% á árinu 2004 og námu þær 43 milljörðum króna í lok ársins. Gæði útlánasafns bankans er mikil og eru framlög í afskriftareikning útlána hverfandi. Innlán Heritable Bank námu 36 milljörðum króna í lok árs 2004 og hafa þau ríflega fjórfaldast á árinu, en þau námu 8 milljörðum króna í ársbyrjun.

Skuldsett fjármögnunar- og sambankalánateymi fyrirtækjasviðs Landsbankans var sett á fót í enda árs 2003. Útlán teymisins námu rúmum 21 milljarði króna í lok árs 2004. Verkefnastaða teymisins hefur verið góð og hefur gott samstarf um þátttöku í sambankalánum myndast með stærri bönkum á skuldsettum lánamarkaði í Evrópu svo sem Deutsche Bank, Credit Suisse First Boston, Royal Bank of Scotland og Halifax Bank of

Scotland. Verkefni hafa þróast með þeim hætti að teymið vinnur jöfnum höndum að fjármögnun sem leidd er af öðrum bönkum og fjármögnun sem leidd er af bankanum sjálfum.

Í ljósi verulega aukinnar þjónustu og fyrirsjáanlegum auknum verkefnum bankans, einkum á Bretlandi, stofnaði Landsbankinn útibú í London í janúar 2005. Starfsemi útibúsins verður tvíþætt; annars vegar útlánastarfsemi í formi sambankalána og hins vegar fyrirtækjaráðgjöf.

Hagnaður **SP-Fjármögnunar hf.** nam 378 milljónum króna fyrir skatta á árinu 2004 samanborið við 253 milljónir króna á fyrra ári. Heildareignir félagsins jukust um 34% á árinu 2004 og námu þær 14,9 milljörðum króna í lok árs 2004.

Afkoma eftir starfspáttum

Afkomu Landsbankans er skipt í eftirfarandi þrjá starfspætti:

- Viðskiptabankastarfsemi
- Verðbréfavíðskipti
- Eignastýring og sérbankaþjónusta

Yfirlit um afkomu eftir starfspáttum fyrir árið 2004 má sjá í eftirfarandi töflu (mkr.):

	Viðskipta- bankastarfsemi	Verðbréfa- viðskipti	Eignastýring og sérbanka- þjónusta	Annað	Samtals
Vaxtamunur	13.948	-187	1.141		14.902
Rekstrartekjur	3.760	3.879	1.228		8.867
Gengismunur	-46	9.792	84		9.830
Hreinar rekstrartekjur	17.662	13.483	2.454	0	33.599
Rekstrargjöld	8.617	2.153	1.714	1.889	14.374
Framlag í afskriftareikning	4.255	-4	235		4.485
Afkoma fyrir skatta	4.790	11.335	504	-1.889	14.740

Viðskiptabankastarfsemi eru útibúanet og fyrirtækjasvið móðurfélagsins, Heritable Bank og SP-Fjármögnun. Hagnaður fyrir skatta af viðskiptabankastarfsemi á árinu 2004 nam 4,8 milljörðum króna.

Verðbréfavíðskipti eru verðbréfasvið móðurfélagsins. Undir starfspáttinn fellur verðbréfamíðlun, fyrirtækjaráðgjöf, gjaldeyris- og afleiðumiðlun, skuldastýring, fjárfstýring og eigin viðskipti með hlutabréf og skuldabréf. Hagnaður fyrir skatta af verðbréfavíðskiptum á árinu 2004 nam 11,3 milljörðum króna.

Eignastýring og sérbankaþjónusta eru eignastýringarsvið móðurfélagsins, Landsvaki hf. og Landsbanki Luxembourg S.A. Hagnaður af eignastýringu og sérbankaþjónustu fyrir árið 2004 nam 504 milljónum króna fyrir skatta.

Viðburðaríkt og gott ár að baki

Árið 2004 var einstaklega gott ár fyrir Landsbankinn. Það einkenndist af örum vexti á öllum sviðum og styrkti bankinn stöðu sína sem umsvifamesti bankinn á íslenskum fjármálamarkaði. Heildareignir jukust um 63%, veruleg aukning varð í þóknunartekjum af fjárfestingarbankastarfsemi og hafa hreinar rekstrartekjur án gengismunar stóraukist. Þá hafa gæði útlánasafns bankans batnað til muna eins og sjá má í þróun afskriftaframlags.

Markaðshlutdeild:	31.12.2004	31.12.2002	Breyting
Innlán	31%	27%	+ 4%
Útlán	33%	26%	+ 7%
Viðskipti með hlutabréf	34%	19%	+ 15%
Viðskipti með skuldabréf og víxla	23%	19%	+ 4%
Fyrirtækjaráðgjöf	40-50%	7%	+33-43%
Verðbréfasjóðir	34%	31%	+ 3%
Viðskipti með gjaldeyri	42-45%	40-43%	+2%
Viðbótarlífeyrissparnaður	25%	18%	+ 7%

Verulegur hluti útlánavaxtar varð til vegna fjármögnunar fyrirtækja og tengdrar þjónustu. Bankinn hafði yfirumsjón með mörgum stórum innlendum og erlendum fjármögnunarverkefnum þar sem hann veitti lán og ráðgjöf. Mestur vöxtur hefur orðið í lánum til erlendra aðila fyrir tilstilli sambankalánateymisins í London. Fyrir vikið er lánasafn bankans fjölbreyttara, með tilliti til atvinnugreina, gjaldmiðla og landsvæða.

Árið 2004 var það ábatasamasta í fjárfestingarbankastarfsemi til þessa. Þóknarir jukust gríðarlega og sömuleiðis gengishagnaður verðbréfa. Verðbréfamíðlun óx talsvert og innlendir markaður einkenndist af hækkunum á gengi hlutabréfa og verulegri veltuaukningu. Hluttur Landsbankans í viðskiptum með hlutabréf í Kauphöllinni jókst úr 25% í 34%, og hefur bankinn nú náð leiðandi markaðshlutdeild. Bankinn sá um 14 skuldabréfaútgáfur sem námu um 50% af öllum frumútgáfum skuldabréfa í Kauphöllinni 2004.

Mikill vöxtur var í starfsemi Fyrirtækjaráðgjafar og bar þar hæst fjölgun erlendra verkefna. Fyrirtækjaráðgjöf átti einnig stóran hlut í umbreytingarverkefnum sem áttu

sér stað innanlands á árinu. Góður árangur fyrirtækjaráðgjafar var staðfestur í samantekt Bloombergs á sameiningum og yfirtökum ársins 2004. Þar er Landsbankinn á lista 20 fyrirtækja sem höfðu mestu markaðshlutdeild á Norðurlöndum.

Landsbankinn átti mikinn þátt í metvexti fjárfestingar- og verðbréfasjóða. Innlendir sjóðir uxu um 50% og náði bankinn forystu með 34% markaðshlutdeild.

Mikil sókn var bæði á einstaklings- og fyrirtækjamarkaði og miðaði endurskipulagning á árinu að því að efla sölu og þjónustu. Höfuðstöðvar bankans voru sameinaðar í miðbæ Reykjavíkur, útibú voru sameinuð og áhersla lögð á ráðningar sérhæfðs starfsfólks.

Þróun upplýsingatækni var í fyrirrúmi, þar á meðal nýjungar í Fyrirtækja- og Einkabanka og uppfærsla tæknibúnaðar vegna aukinnar þjónustu og sjálfvirkni. Nýr vefur Landsbankans var tekinn í notkun á árinu og hlaut hann þrenn verðlaun þegar Íslensku vefverðlaunin voru afhent í október sl. Var hann valinn besti íslenski vefurinn, besti fyrirtækjavefurinn og besti vefurinn í útlits- og viðmótshönnun.

Með útgáfu nýs hlutafjár og víkjandi skuldabréfa hefur Landsbankinn styrkt eiginfjárstöðu sína og rennt styrkari stöðum undir rekstrargrundvöll bankans. Bankinn er nú betur í stakk búinn til að takast á við aukna innlenda samkeppni og útrás á erlendum fjármálamörkuðum.

Afkomuhorfur fyrir árið 2005

Markaðsaðstæður fjármálafyrirtækja voru mjög hagstæðar á árinu 2004 og gerir bankinn ráð fyrir að þær verði áfram hagstæðar á árinu 2005. Landsbankinn hefur á undanförunum tveimur árum styrkt stöðu sína mjög á heimamarkaði sem og erlendis og gerir bankinn ráð fyrir að markmið um 15-17% arðsemi eiginfjár eftir skatta muni nást á árinu 2005.

Við mat á afkomuáhrifum fjármálafyrirtækja er rétt að hafa í huga að rekstur þeirra er háður ýmsum ytri þáttum, svo sem efnahagsþróun hérlandis og erlendis, þróun verðlags og gjaldmiðla, sem og þróun innlendra og erlendra fjármálamarkaða.

Alþjóðleg reikningsskil (IFRS)

Í samræmi við reglur um birtingu ársreikninga skráðra félaga í Kauphöll Íslands mun Landsbankinn frá og með árinu 2005 birta uppgjör sín samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS).

Bankinn hefur lagt mat á væntanleg áhrif af innleiðingu staðlana á rekstur og efnahag samstæðunnar og benda niðurstöður til þess að þau verði ekki veruleg á eigin fé bankans. Helstu breytingar sem verða á ársreikningi Landsbankans snúa að eftirfarandi þáttum:

- Framsetning rekstrar- og efnahagsreiknings (einkum hvað varðar hlutabéf og eignarhluti) mun taka talsverðum breytingum, auk þess sem skýringar og sundurliðanir verða ítarlegri.
- Afskrift viðskiptavildar verður hætt, en þess í stað verður með reglubundnum hætti framkvæmt virðisrýrnunarpróf á bókfærða viðskiptavild. Ef mat samkvæmt virðisrýrnunarprófi reynist lægra en bókfært verð kemur til gjaldfærslu á þeim mismun.
- Meðferð lántökugjalda mun breytast. Í stað þess að tekjufæra þau að fullu inn í vaxtamun við lánveitingu mun hluti tekna falla undir þóknunartekjur og hluti undir vaxtamun og dreifast á líftíma lánanna. Þetta mun leiða til lækunar á vaxtamun og aukningu þóknunartekna.
- Aðferðafræði við mat á framlagi í afskriftareikning mun breytast og taka mið af núvirðingu greiðsluflæðis. Almennur afskriftareikningur verður leystur upp, en í staðinn verður lagt til hliðar á skilgreind lánasöfn að teknu tilliti til tapreynslu þeirra.
- Meðferð afleiðuviðskipta verður skilgreind á tvennan hátt, annars vegar afleiður sem verða hluti af veltueignum eða veltuskuldum bankans og hinsvegar nákvæmlega skilgreind áhættuvarnarreikningsskil.

Reikningsskilaaðferðir

Sömu reikningsskilaaðferðum er beitt í meginatriðum við gerð ársreikningsins og á síðasta ári. Samstæðureikningurinn er ekki að fullu samanburðarhæfur við fyrra ár þar sem Landsbanki Luxembourg S.A. kemur inn í samstæðureikning bankans frá 1. júlí 2003.

Uppgjörið er áritað af endurskoðendum.

Kynning fyrir markaðsaðila

Haldinn verður kynningarfundur fyrir markaðsaðila í húsakynnum bankans að Hafnarstræti 5, 4. hæð föstudaginn 28. janúar 2005 og hefst hann kl. 16.30. Þar munu bankastjórar Landsbankans, Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, fara yfir niðurstöður ársreikningsins og svara fyrirspurnum.

Aðalfundur, arður og birtingardagatal 2005

Aðalfundur Landsbanka Íslands hf. árið 2005 verður haldinn laugardaginn 5. febrúar kl. 14.00 á Nordica hótél.

Á fundi sínum í dag samþykkti bankaráð að leggja til við aðalfund að hann veiti bankaráðinu heimild til að auka hlutafé bankans um allt að 2 milljarða króna að nafnvirði. Jafnframt mun bankaráð leggja til að greiddur verði 20% arður að fjárhæð 1.620 milljónir króna til hluthafa. Viðskipti að teknu tilliti til arðs hefjast mánudaginn 7. febrúar n.k. Gjaldddagi arðs verður 9. mars 2005. Í árslok 2004 voru hluthafar bankans 14.765.

Fyrirhugað er að birta árshlutauppgjör bankans á árinu 2005 sem hér segir:

Fyrsti ársfjórðungur: 12. maí
Annar ársfjórðungur: 28. júlí
Þriðji ársfjórðungur: 28. október
Fjórði ársfjórðungur: 27. janúar 2006

Ársreikning Landsbankans fyrir árið 2004 má nálgast á heimasíðu bankans www.landsbanki.is

Nánari upplýsingar veita:

Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson
bankastjórar í síma 410 4009.